

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 21. desember 2023

Mál nr. E-118/2023:

A

(*Erling Daði Emilsson lögmaður*)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(*Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögmaður*)

Dómur

Málsmeðferð, aðild og dómkröfur aðila

- Málið var höfðað 23. desember 2022 og tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 1. nóvember 2023. Dómarinn sem fer með málið tók við því 2. maí 2023 en hafði ekki aðkomu að því fyrir þann tíma. Gætt var að áskilnaði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- Stefnandi er A, [...]. Stefndi er Vátryggingafélag Íslands, Ármúla 3 í Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 5.253.974 krónur með 4,5% ársvöxtum af 1.674.236 krónum frá [...]. febrúar 2018 til [...]. febrúar 2019 og af 5.253.974 krónum frá þeim degi til 22. júní 2020 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.
- Stefnandi krefst þess til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 4.353.241 krónu með 4,5% ársvöxtum af 1.674.236 krónum frá [...]. febrúar 2018 til [...]. febrúar 2019 og af 4.353.241 krónu frá þeim degi til 22. júní 2020 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.
- Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda í öllum tilvikum eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.
- Stefndi gerir þær dómkröfur að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi þess að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda, auk fjárhæðar sem samsvari virðisauka-skatti af málskostnaði.

Helstu málsatvik

Meginefni ágreinings aðila

7. Stefnandi varð fyrir umferðarslysi [...] febrúar 2018 og krefst í málinu bóta úr slysa-tryggingu ökumanns hjá stefnda vegna afleiðinga slyssins. Slysið varð með þeim hætti að bifreið var sveigt fyrir framan bifreiðina sem stefnandi ók. Stefnandi missti við það stjórn á bifreiðinni í hálfu og krupa með þeim afleiðingum að bifreiðin fór út af götunni og lenti á vegriði. Stefnandi hafði áður orðið fyrir umferðarslysi [...] . desember 2013 og fengið greiddar bætur frá stefnda árið 2017 vegna afleiðinga þess. Deilt er um hvort stefnandi hafi leynt stefnda upplýsingum um fyrra slysið og með því glatað rétti til krafna á hendur stefnda vegna síðara slyssins. Einnig er deilt um hvaða árslaunaviðmið eigi að notast við, fari svo að fallist verði á bótaskyldu stefnda.

Mat á afleiðingum slysanna

8. Með matsbeiðni, dags. 28. ágúst 2019, óskuðu þáverandi lögmaður stefnanda og stefndi sameiginlega eftir því að læknir og lögfræðingur mætu afleiðingar síðara slyssins sem stefnandi varð fyrir. Í matsbeiðninni er merkt í reitinn „Nei“ aftan við spurninguna: „Hefur tjónþoli áður orðið fyrir líkamstjóni eða örorka hans verið metin af öðru tilefni en þeim tjónsatburði sem beiðni þessi varðar?“
9. Í matsgerð, dags. 30. janúar 2020, er lýst þeirri niðurstöðu matsmanna að varanlegur miski stefnanda vegna slyssins [...] febrúar 2018, sbr. 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sé 19 eða 20 stig, eftir því hvort beitt sé svonefndri samþættingu eða einfaldri samlagningu vegna einstakra þátta, og varanleg örorka 17%, sbr. 5. gr. sömu laga. Í matsgerðinni er getið um slysið sem stefnandi varð fyrir [...] 2013. Fram kemur að stefnandi hafi á matsfundi sagst hafa jafnað sig alveg eftir það slys með tímanum og ekki farið í örorkumat vegna þess. Þá er ekkert getið um matsgerð vegna fyrra slyssins í matsgerðinni.
10. Meðal matsgagna sem tilgreind eru í matsgerðinni eru skattframtöl stefnanda frá árunum 2015–2019, sem einnig hafa verið lögð fram í málinu. Í framtalinu 2018, vegna tekjuársins 2017, eru tilgreindar skattfrjálsar tekjur frá stefnda að fjárhæð 11.941.735 krónur. Við skýrslutökur í málinu fyrir dómnum báru báðir matsmennirnir um að hafa yfirsétt þessi greiðsla við yfirferð matsgagnanna. Þá eru í skattframtalinu 2015, vegna tekjuársins 2014, tilgreindar tekjur að fjárhæð 64.531 króna frá Sjúkratryggingum Íslands og 395.750 krónur eru tilgreindar með skýringunni „Sksk.gr. trfél“. Óumdeilt er að síðastnefndar tekjur hafi verið frá stefnda.
11. Í matsgerðinni er læknisvottorð, dags. 29. apríl 2019, einnig tilgreint meðal matsgagna. Þar er m.a. fjallað um fyrra heilsufar stefnanda og í því sambandi getið um slysið 2013 og þau einkenni sem hún glímdi við í kjölfar þess.

12. Í matsgerð frá 10. október 2016, sem varðaði afleiðingar slyssins sem stefnandi varð fyrir [...] 2013, kemur fram að matsmennirnir meti varanlegan miska vegna slyssins til 15 stiga og varanlega örorku stefnanda 15%. Óumdeilt er að matsmennirnir sem mátu afleiðingar síðara slyss stefnanda höfðu þessa matsgerð ekki undir höndum þegar þeir framkvæmdu matið sem lýst er í matsgerð þeirra frá 30. janúar 2020.
13. Með tölvupósti starfsmanns stefnda til matsmannanna 11. febrúar 2020 var vakin athygli á því að í matsgerðinni, dags. 30. janúar 2020, væri aðeins fjallað um eldra slysið en ekki hefði verið óskað eftir afriti af fyrri matsgerð eða upplýsingum um niðurstöður hennar. Þá væri ljóst að við upptalningu á matsgögnum hefði misfarist að senda með eldri matsgerðina sem sé dags. 10. október 2016 og vegna tjóns [...] 2013. Starfsmaðurinn gat þess að hann kæmi til með að senda matsmönnum umrædda matsgerð innan skamms. Enn fremur spurði hann matsmennina hvort eldri matsgerðin kallaði á endurskoðun niðurstöðu þeirrar nýrri.
14. Í framhaldi af þessu endurskoðuðu matsmennirnir fyrri niðurstöður sínar varðandi afleiðingar síðara slyssins. Í endurskoðaðri matsgerð þeirra, dags. 20. maí 2020, er þess aftur getið að tjónþoli hafi á matsfundi kveðist hafa með tímanum alveg jafnað sig eftir fyrra slysið og ekki farið í örorkumat vegna þess. Matsmenn hafi enga ástæðu haft til að vefengja umræddar upplýsingar enda hafi þá ekki legið fyrir í málinu nein matsgerð vegna þess slyss. Í hinni eldri matsgerð sé lýst mjög svipuðum einkennum og stefnandi lýsti á matsfundi með þeim, þ.e. einkennum frá höfði og hálsi. Þó sé ljóst við samanburð á læknisskoðunum á matsfundum vegna fyrra og síðara slyssins að hreyfiskerðing hafi aukist bæði í hálsi og baki. Að teknu tilliti til þessa töldu matsmenn hæfilegt að meta varanlegan miska 5 stig vegna slyssins [...] febrúar 2018 vegna versnunar á einkennum frá hálsi og baki og andlegu ástandi. Þá töldu þeir varanlega örorku hæfilega metna 5% vegna slyssins.

Ráðstafanir stefnanda vegna innheimtu skaðabóta

15. Stefnandi veitti þáverandi lögmanni sínum, eða hverjum þeim sem lögmaðurinn tilnefndi í sinn stað, umboð, dags. 28. febrúar 2018, til að gæta hagsmuna sinna gagnvart stefnda eða öðrum þeim sem mál kynni að beinast að vegna umferðarslyssins [...]. sama mánaðar. Í umboðinu er því lýst ítarlega til hvaða ráðstafana það taki og enn fremur kemur þar fram að allt sem gert sé samkvæmt umboðinu sé jafngilt því að stefnandi hefði gert það sjálf.
16. Á grundvelli matsgerðarinnar frá 30. janúar 2020 hafði lögmaður stefnanda uppi bótakröfu að fjárhæð 15.550.112 krónur auk vaxta á hendur stefnda, sbr. skjal þar að lútandi, dags. 7. febrúar 2020. Eftir að matsmennirnir höfðu endurskoðað niðurstöður matsgerðarinnar var krafa stefnanda lækkuð í 5.253.974 krónur auk vaxta, sbr. skjal þar að lútandi, dags. 22. maí 2020, sem er sama fjárhæð og nemur aðalkröfu stefnanda.

17. Stefndi hafnaði bótakröfunni með bréfi, dags. 25. júní 2020. Af hálfu stefnanda var þeirri niðurstöðu skotið til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 7. apríl 2021. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu með úrskurði 18. maí 2021 að stefnandi ætti rétt á bótum úr slysa-tryggingu ökumanns og eiganda hjá stefnda vegna slyssins sem hún varð fyrir [...]. febrúar 2018. Stefndi tilkynnti stefnanda í framhaldinu að stefndi hlítta ekki niðurstöðu nefndarinnar. Bréf þess efnis er þó ranglega dagsett 28. mars 2021, þ.e. áður en úrskurður nefndarinnar var kveðinn upp.

Atvik sem varða árslauð til ákvörðunar mögulegra bóta vegna varanlegrar örorku

18. Slysið sem stefnandi varð fyrir og mál þetta varðar átti sér sem fyrr segir stað [...]. febrúar 2018. Samkvæmt framlögðum skattframtölum stefnanda námu launatekjur hennar 1.282.816 krónum árið 2014, 2.785.026 krónum árið 2015, 3.193.826 krónum árið 2016, 5.488.098 krónum árið 2017, 4.915.287 krónum árið 2018, 4.710.000 krónum árið 2019 og 2.883.814 krónum árið 2020. Síðastnefnda árið hlaut hún einnig 1.819.135 krónur í tekjur frá Atvinnuleysistryggingasjóði og 1.404.257 krónur í hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri.

19. Stefnandi starfaði fyrir B frá árinu 2016 og þar til henni var sagt upp störfum þar árið 2021. Af fyrrnefndum tekjum hennar námu tekjur hennar frá því félagi 357.036 krónum árið 2016, 4.477.595 krónum árið 2017, 4.526.000 krónum árið 2018, 4.710.000 krónum árið 2019 og 2.883.814 krónum árið 2020. Með uppsagnarbréfi, dags. 21. maí 2021, var stefnanda sagt upp störfum hjá B Fram kemur að uppsögnin sé til komin vegna loka á [...] félagsins og sölu á [...].

20. Í vottorði framkvæmdastjóra B, dags. 5. mars 2019, kemur fram að stefnandi hafi starfað fyrir félagið undanfarin þrjú ár. Hún hafi aldrei verið veik eða frá vinnu fyrr en vorið 2018 en þá hafi orðið miklar breytingar á hennar starfsgetu í framhaldi af slysinu. Eftir það hafi hún verið mikið frá, oft með höfuðkvalir og bakverki í vinnunni og hafi að auki oft verið heima í veikindaleyfi. Hún sé ekki sami starfsmaður og áður. Starfsgeta hennar sé skert og hún glími við vandamál sem hafi ekki verið til staðar fyrir slysið.

Helstu málsástæður stefnanda

Almennt um grundvöll bótaábyrgðar og málshöfðunar

21. Stefnandi byggir rétt sinn til skaðabóta á 88., 90. og 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sem giltu þegar slysið varð, [...]. febrúar 2018, enda hafi hún orðið fyrir líkamstjóni sem ökumaður bifreiðarinnar. Á slysdegi hafi bifreiðin verið tryggð slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá stefnda, sbr. 92. gr. sömu laga.

22. Stefnandi eigi rétt til fullra skaðabóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá stefnda á grundvelli niðurstöðu fyrirliggjandi endurskoðaðrar matsgerðar. Ekki séu fyrir hendi skilyrði til að fella niður bótarétt hennar á grundvelli 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004

um váttryggingarsamninga með vísan til þess að hún hafi vísvitandi veitt ófullnægjandi eða rangar upplýsingar.

Ekki ásetningur til að leyna upplýsingum eða gefa rangar upplýsingar

23. Stefnandi leggur áherslu á að það hafi aldrei verið ásetningur hennar að leyna upplýsingum eða gefa rangar upplýsingar í þeim tilgangi að svíkja út hærri bætur úr ökutækjatrýggingunni. Þvert á móti hafi röð mistaka eða óheppilegra atvika leitt til þeirrar stöðu sem hún er í. Hún hafi staðið í þeirri trú að allar nauðsynlegar upplýsingar lægju fyrir og vegna tungumálamisskilnings hafi hún ekki áttað sig á spurningu matsmanna á matsfundi varðandi fyrri örorkumat. Aldrei hafi ætlun hennar verið sú að leyna eldra matinu. Þá telji hún ekki sanngjarnt að allri ábyrgðinni sé varpað á hana, enda hefði stefndi alveg eins átt að verða þess var að eldri matsgerðina vantaði í matsgögn. Stefnandi byggir á því að þegar litið sé heildstætt á atvik málsins sé ósannað að hún hafi meðvitað eða af ásetningi veitt rangar upplýsingar.
24. Stefnandi byggir á því að samkvæmt 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga þurfi tvö skilyrði að vera uppfyllt svo ákvæðinu verði beitt á þann hátt að bótaréttur falli niður, sbr. einnig athugasemdir með ákvæðinu í frumvarpi til laganna. Annars vegar verði váttryggður að hafa veitt félaginu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar og hins vegar verði hann að hafa gert það meðvitað í þeim tilgangi að fá bætur eða hærri bætur en hann átti rétt á. Sönnunarbyrði um að þessum skilyrðum sé fullnægt hvíli á stefnda og sú sönnun hafi ekki tekist.
25. Þegar stefnandi leitaði fyrst til lögmannsstofunnar C hafi verið skráð með skýrum hætti í málaskrárkerfi stofunnar að stefnandi hefði áður verið metin vegna slyss í [...] og að stefndi hefði greitt bætur vegna þess. Það að stefnandi hafi upplýst lögmannsstofuna um þetta mæli eindregið gegn því að það hafi verið ásetningur hennar að leyna þessum upplýsingum. Þvert á móti hafi hún kosið að svara spurningum varðandi fyrri heilsufarssögu samviskusamlega í fyrsta viðtali. Í dag hafi flestar lögmannsstofur og flest tryggingafélög tekið upp þá vinnureglu að kanna strax og nýtt mál er tekið inn hvort fyrir liggja eldri matsgerð hjá einhverju tryggingafélaganna. Á þessum tíma hafi þetta því miður ekki verið orðið að venju.
26. Stefnandi hafi ekki komið að neinu leyti að gerð matsbeiðni vegna slyssins. Í tölvupóst-samskiptum við úrskurðarnefnd í váttryggingamálum komi fram að það hafi verið starfsmaður lögmannsstofunnar sem útbjó matsbeiðnina og hún hafi ekki verið borin undir stefnanda áður en hún var send til undirritunar hjá stefnda. Um sé að ræða fyrirmynd að matsbeiðni eða staðlað form sem notast sé við og fyllt út af starfsmanni lögmannsstofunnar eftir upplýsingum sem komi fram í gögnum málsins. Þar sem það hafi farið framhjá starfsfólki stofunnar að stefnandi hafi áður gengist undir örorkumat hafi spurningu um það hvort stefnandi hafi áður orðið fyrir líkamstjóni eða örorka hennar verið

metin að öðru leyti verið svarað neitandi. Stefnandi hafi aftur á móti ekkert haft með þessa villu að gera.

27. Stefnandi bendir á að í læknisfræðilegum gögnum málsins sem fylgdu matsbeiðni hafi komið skýrt fram að stefnandi hafi áður lent í slysi. Undir venjulegum kringumstæðum hefði umfjöllun um eldra slys í læknisfræðilegum gögnum leitt til þess að annað hvort tryggingafélag eða lögmannsstofa athugaði hvort til væri eldri matsgerð. Af einhverjum ástæðum hafi það ekki verið gert í þessu tilviki og gögnin hafi þar af leiðandi verið send án eldri matsgerðarinnar til matsmanna.
28. Í matsgerðinni frá 30. janúar 2020 komi fram að stefnandi hafi verið almennt hraust fyrir slysið [...]. febrúar 2018 og að hún hafi á matsfundi sagst hafa jafnað sig með tímanum eftir slysið sem hún varð fyrir [...] 2013. Stefnandi hafi lýst því að hún hafi greinilega misskilið spurningu matsmanna varðandi eldra örorkumat eða ekki alveg áttað sig á henni. Hún hafi einblínt á að verið væri að meta hana vegna slyssins sem hún varð fyrir [...]. febrúar 2018. Þá kveðist hún hafa verið örlítið stressuð og að hún hafi sagt þeim frá eldra slysinu. Jafnframt hafi hún munað eftir að um sama tryggingafélag væri að ræða og staðið í þeirri trú að öll nauðsynleg gögn hlytu að vera fyrir hendi. Þá sé að mati stefnanda ekki hægt að líta framhjá því að *örorkumat* er sérfræðilegt orð og til þess fallið að valda misskilningi tengdum tungumálakunnáttu, þrátt fyrir að stefnandi tali góða íslensku.

Um árslaun til ákvörðunar bóta fyrir varanlega örorku

29. Stefnandi byggir á því að aðstæður hafi verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þar sem hún hafi ekki verið í fullu starfi á viðmiðunarárnum heldur í hlutastarfi hjá nokkrum fyrirtækjum. Því sé ekki hægt að leggja til grundvallar meðaltekjur síðastliðinna þriggja almanaksára fyrir slysið samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna heldur þurfi að meta tekjur hennar sérstaklega með vísan til 2. mgr.
30. Í fyrirliggjandi matsgerð sé fjallað um að stefnandi sé fædd og uppalin í D og hafi lokið stúdentsprófi og [...] frá [...] árið 2003 eða 2004. Á Íslandi hafi hún lært íslensku og [...], lokið [...] og setið undirbúningsnámskeið fyrir [...]. Þegar stefnandi flutti til Íslands árið 2008 hafi hún framan af unnið á [...], í [...] í tilteknu fyrirtæki og enn fremur hafi hún starfað sjálfstætt sem [...]. Árið 2017 hafi stefnandi hafið störf hjá [...] en hafi samhliða því starfi tekið að sér ýmis verkefni í tengslum við [...], m.a. [...]. Matsmenn gangi út frá því að stefnandi hefði áfram nýtt sér menntun sína, þekkingu og starfsreynslu til að afla tekna ef hún hefði ekki lent í slysinu [...]. febrúar 2018.
31. Í aðalkröfu byggir stefnandi á því að við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku beri að miða við tekjur hennar á árinu 2017, þegar stefnandi hafi verið komin í starf hjá [...] sem

hún starfaði hjá allt þar til henni var sagt upp störfum árið 2021. Stefnandi hafi ætlað sér að vinna þar áfram. Tekjur á árinu 2017 séu réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur.

32. Verði ekki fallist á framangreint viðmið í aðalkröfu stefnanda er í varakröfu byggt á launatekjum stefnanda á viðmiðunarárunum, þ.e. síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysið.

Um útreikning og sundurliðun bótaskrafa stefnanda

33. Bótaskrafur stefnanda miðast við matsgerðina frá 30. janúar 2020 og endurskoðun hennar frá 20. maí 2020. Bæði í aðal- og varakröfu er við það miðað að tímabundið tekjutap, sbr. 2. gr. skaðabótalaga, nemi 820.511 krónum, þjáningabætur, sbr. 3. gr. laganna, 282.000 krónum og að bætur vegna varanlegs miska, sbr. 4. gr. skaðabótalaga, skuli nema 571.725 krónum. Í aðalkröfu stefnanda er miðað við að bætur vegna varanlegrar örorku, sbr. 5.–8. gr. skaðabótalaga, skuli nema 3.579.738 krónum en í varakröfu er við það miðað að þær skuli nema 2.679.005 krónum.
34. Við útreikning bóta fyrir varanlega örorku í aðalkröfu stefnanda er tekið mið af tekjum hennar á árinu 2017, þ.e. 5.488.098 krónum, uppreiknuðum til stöðugleikapunkts og að viðbættu 9,25% lífeyrissjóðsframlagi, þ.e. alls 6.553.897 krónur (5.488.098 x 674/616,6 x 1,0925). Miðað er við launavísitölu á stöðugleikapunkti í febrúar 2019 (674) og meðaltalslaunavísitölu ársins 2017 (616,6).
35. Við útreikning bóta fyrir varanlega örorku er í varakröfu stefnanda tekið mið af launatekjum hennar síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysið, þ.e. 2015, 2016 og 2017. Uppreiknaðar tekjur stefnanda fyrir árin 2015, 2016 og 2017 til stöðugleikapunkts og að viðbættu 8–9,25% lífeyrissjóðsframlagi vinnuveitanda (ekki vegna hreinna tekna af atvinnurekstri) nemi samtals 14.714.422 krónum og deilt með þremur sé meðaltalið 4.904.807 krónur. Fram kemur að miðað sé við launavísitölu á stöðugleikapunkti í febrúar 2019 (674) og meðaltalslaunavísitölu sem hafi verið 518,2 árið 2015, 577,1 árið 2016 og 616,6 árið 2017.
36. Í aðal- og varakröfu gerir stefnandi kröfu um greiðslu 4,5% vaxta samkvæmt 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga vegna tímabundins tekjutaps, þjáninga- og miskabóta, frá slysdeginum [...]. febrúar 2018 til stöðugleikapunkts [...]. febrúar 2019 og að viðbættri kröfu vegna varanlegrar örorku frá stöðugleikapunkti til 22. júní 2020, þegar mánuður var liðinn frá því að krafa stefnanda og öll nauðsynleg gögn hafi verið send stefnda. Þá sé í aðal- og varakröfu krafist dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, vegna allra bóталиða, frá 22. júní 2020, en þá hafi mánuður verið liðinn frá því að bótaskrafa var send til stefnda, og til greiðsludags.

Helstu málsástæður stefnda

Röng upplýsingagjöf stefnanda

37. Stefnandi byggir sýknukröfu sína á því að sannað sé að stefnandi hafi, gegn betri vitund, veitt stefnda og matsmönnum rangar eða ófullnægjandi upplýsingar til þess að fá hærra mat á afleiðingum slyssins sem hún varð fyrir [...]. febrúar 2018.

38. Eins og fram komi í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga þurfi tvennt að liggja fyrir svo ákvæði 2. mgr. 120. gr. laganna verði beitt á þann hátt að tjónþoli glati rétti til krafna á hendur váttryggingarfélagi. Annars vegar verði váttryggður að hafa veitt félaginu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar og hins vegar þurfi hann að hafa gert það meðvitað í þeim tilgangi að fá bætur eða hærri bætur en hann átti rétt til. Bæði þessi skilyrði séu uppfyllt í málinu.

Fyrri skilyrði 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga

39. Hvað fyrri skilyrðið varðar byggir stefndi á því að stefnandi og lögmaður hennar hafi veitt matsmönnum ítrekað rangar upplýsingar um hvort stefnandi hafi áður verið metin til örorku vegna líkamstjóns. Hin ranga upplýsingagjöf sé ítrekuð og afgerandi. Stefnandi hafi ekki upplýst um hið fyrri mat og uppgjör þegar slysið var tilkynnt stefnda. Þá hafi stefnandi og lögmaður hennar ekki lagt fram matið eða tjónsuppgjórið með matsbeiðni, þrátt fyrir skyldu til slíks samkvæmt 1. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga. Jafnframt hafi stefnandi vísvitandi veitt rangar upplýsingar í matsbeiðni með því að haka við að hún hafi ekki áður verið metin til örorku vegna líkamstjóns. Á matsfundi með matsmönnum hafi stefnandi tjáð matsmönnum ranglega að slys hennar árið 2013 hafi ekki verið metið til örorku. Að fengnum niðurstöðum matsmanna hafi lögmaður stefnanda síðan krafist stefnda um bætur á grundvelli hins ranga mats, þrátt fyrir að óumdeilt sé að í málaskrárkerfi lögmannsins hafi legið fyrir upplýsingar um fyrri mat.

40. Ekki sé hægt að komast að annarri niðurstöðu en að stefnandi hafi vísvitandi veitt stefnda og matsmönnum rangar og ófullnægjandi upplýsingar um afleiðingar slyssins sem hún varð fyrir [...]. febrúar 2018, fyrri heilsufarssögu og örorkumöt. Stefnandi hafi verið fullkomlega ljóst að stór hluti þeirra afleiðinga sem hún lýsti á matsfundi hjá matsmönnum hafi verið vegna slyss hennar [...] 2013 og að þessar afleiðingar hafi verið til staðar við slysið 2018. Sömuleiðis hafi henni verið fullljóst að hún hafi verið búin að fara í bótamál, verið metin til örorku og fengið greiddar bætur að fjárhæð rúmlega 13 milljónir króna vegna fyrri slyssins, aðeins tveimur árum áður en að hún lenti í því slysi sem ágreiningur þessa máls snýr að.

Síðara skilyrði 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga

41. Hvað varðar síðara skilyrði 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga sé það afstaða stefnda að sýnt hafi verið fram á að stefnandi hafi verið meðvituð um að hinar röngu og ófullnægjandi upplýsingar sem hún hafi gefið myndu leiða til þess að hún fengi hærri bætur en hún eigi rétt til.

42. Vandséð sé í hvaða tilgangi stefnandi hafi greint rangt frá og veitt ófullnægjandi upplýsingar, öðrum en til þess að fá herra mat í matsgerðinni og þar af leiðandi hærri bætur. Stefnandi hafi áður gengið í gegnum matsferli og tekið við bótagreiðslum vegna umferðaróhapps og því verið meðvituð um, eða að minnsta kosti mátt vera ljóst, að niðurstaða matsins væri grundvöllur þeirra bóta sem hún fengi greiddar og að fyrra mat hefði áhrif á matið og niðurstöðu þess. Stefndi telur því tilgang og ásetning stefnanda fullsannaðan.
43. Þá telur stefndi að leggja verði að jöfnu háttsemi stefnanda og lögmanns hennar, sem samkvæmt skýrri yfirlýsingu í umboði lögmannsins komi fram fyrir hennar hönd. Með öðrum orðum megi samsama háttsemi stefnanda og lögmanns hennar hvað varðar hina umdeildu upplýsingagjöf. Stefnandi hafi notið lögmannsaðstoðar frá upphafi samskipta við stefnda og upplýst sé að lögmaður hennar hafi vitað um fyrra mat hennar og bótagreiðslur. Lögmaðurinn hafi hins vegar ritað undir matsbeiðni sem og kröfubréf, sem byggt hafi á mati sem lögmaðurinn hafi vitað að fæli annars vegar í sér rangfærslur og hins vegar að matið byggði í grundvallaratriðum á röngum forsendum. Lögmaðurinn hafi gert þetta þrátt fyrir að upplýsingar um fyrra mat væru skráðar í málaskrárkerfi lögmannsstofu hans. Sé því að mati stefnda útilokað að komast að annarri niðurstöðu en að lögmaðurinn hafi vitað um þýðingu þessara rangfærsla varðandi niðurstöðu matsins og þeirrar hækkunar sem hún hafði á bótagreiðslur til stefnanda.
44. Stefndi hafi gert ásetning stefnanda til rangrar upplýsingagjafar svo líklegan að snúa beri sönnunarbyrði við og leggja það á stefnanda að sýna fram á að um mistök eða aðra afsakanlega háttsemi hafi verið að ræða. Því til stuðnings vísar stefndi til þess að í ljósi hinnar ítrekuðu röngu upplýsingagjafar sem óumdeild sé í málinu, þess ávinnings sem stefnandi hafi haft af upplýsingagjöfinni, sem og þeirrar staðreyndar að bótauppgjörið hefði verið klárað á grundvelli upplýsingagjafarinnar ef stefndi hefði ekki uppgötvað um síðir rangfærslur stefnanda og lögmanns hennar, beri að snúa sönnunarbyrði við hvað þetta varðar.
45. Síðara skilyrði 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga sé einnig uppfyllt ef tjónþoli og eftir atvikum lögmaður hans sýni af sér gáleysi í upplýsingagjöf. Í ákvæðinu sé sérstaklega vísað til þess að ákvæðið eigi við ef tjónþoli viti eða megi vita að röng upplýsingagjöf geti leitt til þess að greiddar verði út hærri bætur en hann eigi rétt til. Umrætt orðalag hafi það í för með sér að gefi tjónþoli rangar upplýsingar eða láti sér í léttu rúmi liggja hvort upplýsingagjöf hans sé röng sé skilyrði ákvæðisins uppfyllt. Umrædd regla sé náskyld ákvæðum 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem eigi við um tryggingasvik. Geti gáleysisásetningur, *dolus eventualis*, í slíkum tilvikum leitt til sakfellingar fyrir fjársvik. Stefndi telur ljóst að verði ekki talið að stefnandi hafi sýnt af sér

beinan ásetning hafi hún í öllu falli gerst sek um stórkostlegt gáleysi við upplýsingagjöf til stefnda sem réttlæti beitningu 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga.

46. Stefndi mótmælir þeim málatilbúnaði stefnanda að hin ranga upplýsingagjöf hafi verið vegna tungumálaörðugleika. Þvert á móti liggi fyrir í gögnum málsins að stefnandi búi yfir ágætri íslenskukunnáttu. Meðal annars hafi stefnandi starfað sem [...] hjá [...] þar sem stór hluti viðskiptavina hafi verið íslenskir eldri borgarar. Stefnandi hafi einnig starfað [...] fyrir tímarit sem gefið var út á íslensku og [...]. Þá hafi stefnandi lokið námi í íslensku sem öðru tungumáli við Háskóla Íslands, sbr. umfjöllun í matsgerð.
47. Ekkert liggi fyrir í málinu sem bendi til þess að stefnandi hafi ekki skilið spurningar matsmanna. Þvert á móti komi fram í matsgerð að stefnandi hafi gefið greinargóðar lýsingar á góðri íslensku. Í matsgerð vegna slyssins sem varð árið 2013 komi fram að stefnandi hafi lýst slysinu og afleiðingum þess á ensku. Stefnandi hefði því vel getað beðið matsmenn um að útskýra spurninguna nánar eða að hún yrði endurtekin á ensku, hafi hún ekki skilið hana nógu vel. Hins vegar bendi svör stefnanda við spurningunni til þess að hún hafi skilið vel hvað í henni fólst.
48. Almennt sé viðurkennt að umfjöllun matsmanna sem tilnefndir séu af báðum aðilum hafi ríkt sönnunargildi, auk þess sem stefnanda hafi staðið til boða túlkur á matsfundum, ef hún taldi tungumálaörðugleika vera fyrir hendi. Geti stefnandi því ekki borið fyrir sig að hún hafi ekki skilið matsmenn og hafi því fyrir mistök gefið þeim rangar upplýsingar. Umfjöllun í matsgerð staðfesti hið gagnstæða. Þá hafi stefnandi eftir matsfundinn sent matsmönnum langa lýsingu á íslensku á afleiðingum slyssins, sem staðfesti íslenskukunnáttu hennar og skilning á spurningum matsmanna.
49. Þá bendir stefndi á að eftir samskipti lögmanns stefnanda og stefnda undir rekstri málsins hafi lögmaður stefnda ekki séð neina ástæðu til að óska eftir túlki á matsfund eins og stefnandi hafi átt fullan rétt á. Jafnframt sé ekki hægt að leggja þá skyldu á stefnda að tryggja að matsþolar skilji ávallt það sem fram fari á matsfundum. Sömuleiðis sé engan veginn hægt að leggja ábyrgð vegna tungumálaörðugleika eða rangrar upplýsingagjafar á stefnda sem tryggingafélag, enda væri það í hrópandi ósamræmi við skyldu tjónþola til gagnaöflunar og upplýsingagjafar, samkvæmt 1. mgr. 120 gr. laga um váttryggingarsamninga.
50. Með vísan til framangreinds sé skýring stefnanda að um misskilning hafi verið að ræða vegna tungumálaörðugleika afar ótrúverðug og engum gögnum studd. Stefndi telji þær skýringar stefnanda vera eftiráskýringar eftir að upp komst um rangfærslur hennar og svik. Stefndi telji því engar forsendur til að fallast á þann málatilbúnað stefnanda að tungumálaörðugleikar séu orsök rangrar upplýsingagjafar hennar.

Undantekningarreglur 120. gr. laga um váttryggingarsamninga um bætur að hluta

51. Stefndi mótmælir því að skilyrði síðari málsliðar 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga eigi við í málinu, þ.e. að heimilt sé greiða bætur að hluta sé háttsemin ekki alvarleg, hún varði aðeins lítinn hluta kröfunnar eða sérstakar aðstæður mæli með því.
52. Stefndi byggir á því að í máli þessu sé sannað að vanræksla stefnanda um að upplýsa um slysið hafi leitt til þess að mat matsmanna hafi orðið tæplega fjórfalt hærra en mat þeirra að teknu tilliti til afleiðinga fyrra slyss hennar. Áhrif upplýsingaskortsins séu því augljós, sem og ávinningur stefnanda af honum. Þá sé háttsemi stefnanda ítrekuð og bæði falin í beinlínis rangri upplýsingagjöf og því að halda eftir grundvallarupplýsingum við matið. Stefnandi hafi ekki sjálf leiðrétt hina röngu upplýsingagjöf heldur hafi hún ekki komið í ljós fyrr en eftir að kröfugerð stefnanda hafði komið fram. Án atbeina stefnda hefði stefnandi því fengið stórkostlega ofgreiddar bætur vegna upplýsingagjafar hennar. Því sé ótvírætt að mati stefnda að háttsemi stefnanda teljist alvarleg.
53. Hvað varðar umfang áhrifa upplýsingagjafarinnar á matið og kröfugerð stefnanda liggja fyrir að háttsemi stefnanda hafi leitt til þess að krafa hennar margfaldaðist. Háttsemi hennar hafi því haft ótvíræð áhrif á ákvörðun miska og varanlegrar örorku, sem séu langstærstu þættirnir í bótakröfu hennar.
- Sjálfstæð skylda hvíli á stefnanda til að veita réttar upplýsingar*
54. Stefndi mótmælir þeim fullyrðingum stefnanda að einhvers konar skylda hafi hvílt á stefnda að afla matsgerðar vegna fyrra tjóns stefnanda eða upplýsa um hana. Stefndi byggir á að umrædd skylda hafi eingöngu hvílt á stefnanda, sbr. skýrt orðalag 1. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga. Þrátt fyrir að stefndi hafi ekki sent matsgerðina til matsmanna og þrátt fyrir að matsmenn kalli oft á tíðum eftir eldri matsgerðum í kjölfar matsfunda, til að fullvissa sig um að mat hafi ekki farið fram áður vegna slyss sem tjónþoli tali um að hafa lent í, breyti það ekki þeirri staðreynd að tjónþola beri að framvísa þeim gögnum sem máli geti skipt við matið. Engin lagaskylda hvíli á stefnda eða á matsmönnum að kalla eftir slíkum gögnum.
55. Stefndi mótmælir því sem ósonnuðu að stefnandi hafi staðið í þeirri trú að öll nauðsynleg gögn hlytu að vera fyrir hendi við matið. Jafnvel þótt talið væri að stefnandi hefði verið í góðri trú um að lögmaður hennar hefði skilað inn öllum nauðsynlegum gögnum til matsmanna hvíli skyldan til að framvísa öllu því sem máli geti skipt engu að síður á stefnanda og stefnandi ber hallann af skorti á upplýsingagjöf. Þetta hafi ekki verið leiðrétt áður en krafa barst stefnda á grundvelli matsgerðarinnar.
56. Stefndi telur í þessu sambandi málatilbúnað stefnanda umhugsunarverðan, en samkvæmt honum geti tjónþolar og lögmennt þeirra borið fyrir sig mistök og röð óheppilegra tilviljana og þannig firrt sig ábyrgð á rangri upplýsingagjöf. Sú staða sé uppi í þessu máli að

fyrir liggja að ítrekuð röng upplýsingagjöf, gegn betri vitund, hefði leitt til verulegrar ofgreiðslu bóta ef stefndi hefði ekki uppgötvað fyrri matsgerð. Það hafi því ekki á neinn hátt verið stefnanda eða lögmanni hennar að þakka að slík ofgreiðsla fór ekki fram. Stefndi geti í því sambandi engan veginn fallist á niðurstöðu úrskurðarnefndar í váttryggingamálum sem virðist byggjast á því að stefnandi hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni með því að láta lögmann sinn vita af fyrra mati í viðtali. Stefndi telur að stefnandi og lögmaður hennar verði að bera ábyrgð á upplýsingagjöf sinni til stefnda og matsmanna, sem og hallann af rangri upplýsingagjöf og þeirri staðreynd að haldið hafi verið eftir grundvallargögnum í matsferlinu sem hefðu án atbeina stefnda leitt til margfaldrá bótageiðslna til stefnanda.

Varakrafa um verulega lækkun dómkragna

57. Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að stefnandi eigi þrátt fyrir allt rétt á bótum úr lögboðinni slysatryggingu ökumanns og eiganda vegna umferðaróhappsins [...]. febrúar 2018 byggir stefndi á því að lækka beri dómkröfur stefnanda verulega. Um það vísar stefndi til sömu málsástæðna og fyrr voru raktar, að breyttu breytanda, þar á meðal varðandi það að eingöngu beri að greiða bætur að hluta samkvæmt 2. málslíð 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga. Stefndi telur fyrirbyggjandi mat matsmanna of hátt.
58. Stefndi mótmælir kröfugerð og útreikningum stefnanda á bótum fyrir tímabundið tekjutap, þjáningabætur og varanlega örorku. Stefndi hafi ekki sýnt fram á að rétt sé að beita 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga um árslaun við útreikning bóta fyrir varanlega örorku stefnanda. Stefndi byggir á því að 2. mgr. 7. gr. feli í sér undantekningu frá meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og samkvæmt viðurkenndum lögskýringarreglum beri að skýra undantekningar þröngri skýringu og aðeins beita slíkum reglum þegar ótvírætt sé að þær eigi við. Þá beri stefnandi alla sönnunarbyrði um að forsendur séu til þess að beita ákvæðinu og hallann af sönnunarskorti.
59. Í greinargerð með frumvarpi til skaðabótalaga séu einnig sérstaklega tilgreind tilvik þar sem réttlætjanlegt sé að beita ákvæðinu, svo sem atvinnuleysi, nám eða sambærilegir tímabundnir áhrifavaldar, á tekjusögu sem talist geti óvenjulegar aðstæður. Stopul atvinnusaga, saga um ör starfsskipti milli sambærilegra starfa eða nokkur hlutastörf á sama tíma teljist ekki óvenjulegar aðstæður í skilningi ákvæðisins.
60. Stefndi sé fædd í [...] og hafi því verið [...] ára þegar seinna slysið varð. Stefndi hafi á viðmiðunartímabilinu verið í hlutastarfi hjá nokkrum fyrirtækjum. Hún hafi hafið störf hjá [...] og starfað þar til ársins 2021. Stefndi telur að um sambærileg störf sé að ræða og því engar forsendur til að fallast á að aðstæður stefnanda séu óvenjulegar eða að annar tekjugrundvöllur sé réttari, sbr. orðalag 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Stefndi telur því að

ef til bótauppgjörs komi beri að miða við árslaun stefnanda sl. þrjú ár fyrir slys, sbr. meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, sbr. 3. mgr. 7. gr. um lágmarkslaunaviðmið.

Mótmæli við vaxtakröfu stefnanda

61. Stefndi mótmælir vaxtakröfu stefnanda, sem og upphafsdegi vaxta. Stefndi byggir enn fremur á því að samkvæmt 3. mgr. 123. gr. laga um váttryggingarsamninga geti réttihafi bóta ekki krafist vaxta fyrir þann tíma sem hann vanræki að veita upplýsingar eða afhenda gögn. Fyrir liggir að málið hafi tafist vegna vanrækslu stefnanda á upplýsingagjöf og það beri að taka tillit til þess, stefnanda í óhag. Þá telur stefndi rétt að miða upphafsdag dráttarvaxta í fyrsta lagi við höfðun máls þessa, sbr. 7., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Forsendur og niðurstöður

Upplýsingaskylda stefnanda

62. Í málinu reynir á hvort stefnandi hafi vanrækt þá upplýsingaskyldu sem kveðið er á um í 120. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og hafi því glatað rétti til krafna á hendur stefnda vegna þeirra atvika sem um ræðir í málinu. Í 1. mgr. er mælt fyrir um að sá sem hyggist hafa uppi kröfu á hendur váttryggingafélagi skuli veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann eigi aðgang að og félagið þurfi til að geta metið ábyrgð sína og greitt út váttryggingarfjárhæðina. Þá segir í 2. mgr. að sá sem við tjónsuppgjör veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að geti leitt til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt til glati öllum rétti til krafna á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna sömu atvika. Sé háttsemin ekki alvarleg, hún varði einungis lítinn hluta kröfunnar eða ef sérstakar ástæður mæli með því geti hann þó fengið bætur að hluta.
63. Fyrir liggur að stefnandi varð fyrir slysi [...] 2013 og fékk greiddar bætur frá stefnda vegna þess árið 2017, eftir að afleiðingar slyssins höfðu verið metnar á þann veg að varanleg örorka vegna þess næmi 15% og varanlegur miski 15 stigum. Þá varð stefnandi fyrir slysinu sem þetta mál varðar [...] febrúar 2018. Í kjölfarið óskaði þáverandi lögmaður hennar og stefndi sameiginlega eftir mati á slysinu og var þá gefið til kynna með merkingu á eyðublað matsbeiðninnar að stefnandi hefði ekki áður orðið fyrir líkams-tjóni eða örorka hennar verið metin af öðru tilefni. Þá kemur fram í matsgerðinni, dags. 30. janúar 2020, og leiðréttri matsgerð, dags. 20. maí 2020, að stefnandi hafi á matsfundi sagst hafa jafnað sig alveg eftir fyrra slysið og hún hafi ekki farið í örorkumat vegna þess. Af þessu má ráða að ófullnægjandi upplýsingagjöf af hálfu stefnanda og lögmanns hennar hafi átt þátt í því að matsmenn lögðu til grundvallar að stefnandi hefði ekki áður verið metin til örorku og varanlegs miska vegna slyss og mátu því þessa þætti hærri en ella, áður en leiðréttingu var loks komið á framfæri.

64. Á hinn bóginn er til þess að líta að það var stefndi sem greiddi stefnanda bætur vegna fyrra slyssins, á grundvelli matsgerðar sem þá lá fyrir varðandi það. Stefnandi mátti því ætla að stefndi hefði undir höndum upplýsingar þar að lútandi og lögmaður hennar mátti einnig ætla að svo væri. Svo reyndist líka vera í raun en í málatilbúnaði stefnda kemur fram að í kjölfarið á því að kröfubréf barst fyrir hönd stefnanda hafi stefndi kannað til öryggis greiðslur til hennar vegna fyrra slyssins. Fyrir dómnum bar starfsmaður stefnda um að skipti á tölvukerfum hjá stefnda, sem áttu sér stað milli slysanna, hefðu átt þátt í því að starfsmenn stefnda sáu ekki upplýsingar um fyrra slysið fyrr. Þá hafi verið skoðuð gögn í nýrra kerfinu en gögn um fyrra slysið hafi verið aðgengileg í því eldra. Það að stefndi bjó yfir upplýsingum um fyrra slys stefnanda og stefnandi mátti vita að svo væri mælir að mati dómsins gegn því að stefnandi hafi ætlað sér að leyna stefnda þessum upplýsingum í því skyni að fá greiddar hærri bætur en ella. Það gerir einnig sú staðreynd að fyrir matsmenn voru af hálfu stefnanda lögð fram skattframtöl þar sem glögglega kemur fram að stefnandi hafi þegið greiðslur frá stefnda, m.a. að fjárhæð tæplega 12 milljónir króna árið 2017. Sömu rök mæla einnig gegn því að fyrir þáverandi lögmanni stefnanda hafi vakað að leyna umræddum upplýsingum, auk þess sem lögmaðurinn verður ekki samsamaður stefnanda hvað þetta snertir. Þá verður að telja að í ljósi þess að íslenska er ekki móðurmál stefnanda og þess að hún mun ekki hafa notið aðstoðar túlks á matsfundi séu ákveðnar líkur á að hún hafi misskilið spurningar matsmanna um mat á örorku vegna fyrra slyssins. Enn fremur gildir samkvæmt 1. mgr. 85. gr. laga nr. 30/2004 að váttryggingafélag getur ekki borið fyrir sig að það hafi fengið rangar upplýsingar ef það vissi eða mátti vita að svo var þegar það fékk þær.

65. Að framangreindu virtu er hafnað sjónarmiðum stefnda um að stefnandi hafi glatað rétti til krafna á hendur stefnda, að hluta eða í heild, vegna ófullnægjandi upplýsingagjafar.

Um árslaunaviðmið við ákvörðun bóta

66. Um árslaun til ákvörðunar bóta vegna varanlegrar örorku gildir sú meginregla samkvæmt 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að þau skulu teljast vera meðalatvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs þrjú síðustu almanaksárin fyrir þann dag er tjón varð, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við. Samkvæmt 2. mgr. skulu árslaun þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla má að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola. Aðalkrafa stefnanda miðast við að þessi skilyrði 2. mgr. séu uppfyllt en varakrafan er miðuð við meginreglu 1. mgr.

67. Til að vikið sé frá meginreglu 1. mgr. 7. gr. laganna og 2. mgr. beitt þess í stað þarf að vera sýnt fram á að bæði skilyrðin sem tilgreind eru í síðarnefndu málsgreininni séu uppfyllt, þ.e. annars vegar að óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi og hins vegar að ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola. Í málinu byggir

stefnandi á því að rétt sé að miða við tekjur hennar á almanaksárinu 2017 þegar hún var komin í fast starf hjá B, enda hafi hún ætlað sér að starfa þar áfram.

68. Þrjú síðustu almanaksárin fyrir slys stefnanda hafði hún 2.785.026 krónur í atvinnutekjur árið 2015, 3.193.826 krónur árið 2016 og 5.488.098 krónur árið 2017. Tekjur hennar voru þannig umtalsvert hærri síðasta árið af þessum þremur en árin á undan og megnið af tekjunum sem hún þénaði það ár komu frá B, eða 4.477.595 krónur. Tekjur hennar frá því félagi voru áfram sambærilegar fyrstu almanaksárin eftir slysið, þ.e. 4.526.000 krónur árið 2018 og 4.710.000 krónur árið 2019. Heildartekjur hennar voru aftur á móti lítið eitt lægri þessi tvö ár en árið 2017, þ.e. 4.915.287 krónur árið 2018, 4.710.000 krónur árið 2019. Mjög dró úr tekjum hennar árið 2020 en það ár voru þær í heild 2.883.814 krónur, allar frá B. Henni var þó ekki sagt upp störfum þar fyrir en árið 2021.
69. Þótt atvinnutekjur stefnanda hafi verið talsvert hærri síðasta almanaksárið fyrir slysið en árin þar á undan og þær hafi jafnframt verið það árið sem slysið varð og árið þar á eftir verður að mati dómsins ekki framhjá því litið að eftir þann tíma lækkuðu tekjur hennar umtalsvert, meðan hún gegndi enn föstu starfi hjá B. Að mati dómsins hefur stefnandi ekki sýnt fram á að lækkun tekna hennar árið 2020 hafi verið afleiðing af skertri starfsgetu vegna slyssins og ekki heldur að uppsögn hennar árið 2021 hafi átt rætur að rekja til þess. Allt að einu er ljóst að tekjur stefnanda áttu það til að vera nokkuð breytilegar milli ára, bæði fyrir og eftir slysið, þó að þær hafi haldist nokkuð stöðugar á árunum 2017–2019. Því hefur stefnandi að mati dómsins ekki sýnt fram á að annar mælikvarði en sá sem greinir í 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé réttari á líklegar framtíðartekjur hennar og að því sé rétt að beita ákvæðum 2. mgr. sömu lagagreinar.
70. Að framangreindu virtu verður aðalkröfu stefnanda hafnað en fallist á varakröfu hennar, sem byggist á tekjum hennar síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysið, sbr. meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, en ekki er tölulegur ágreiningur milli aðila um útreikning fjárhæðar varakröfunnar.

Um vexti

71. Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu stefnanda með vísan til 3. mgr. 123. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 á þeim grundvelli að stefnandi hafi vanrækt að afhenda stefnda gögn sem nefnd eru í 1. mgr. 120. gr. sömu laga. Að virtri framangreindri niðurstöðu þar sem hafnað er málsástæðum stefnda um meinta vanrækslu hvað þetta snertir verður fallist á vaxtakröfu stefnanda eins og hún er fram sett í varakröfu hennar, sbr. 16. gr. skaðabótalaga og 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Um málskostnað

72. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu, sbr. gjafsóknarleyfi, dags. 4. maí 2022, en gerir kröfu um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.
73. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, sbr. 1. og 2. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991. Þar með talin er þóknun lögmanns hennar, Erlings Daða Emilssonar. Samkvæmt dómvenju er þóknun til umboðsmanns gjafsóknarhafa ákveðin eins og í dómsorði greinir, án virðisaukaskatts.
74. Að virtum framangreindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 4. mgr. 128. gr. sömu laga, verður stefndi dæmdur til að greiða málskostnað er renni í ríkissjóð og nemi sömu fjárhæð og áður nefnd þóknun umboðsmanns stefnanda.

Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., skal greiða stefnanda, A, 4.353.241 krónu með 4,5% ársvöxtum af 1.674.236 krónum frá [...]. febrúar 2018 til [...]. febrúar 2019 og af 4.353.241 krónu frá þeim degi til 22. júní 2020 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði 1.100.000 krónur í málskostnað sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmanns hennar, 1.100.000 króna, greiðist úr ríkissjóði.

Þorsteinn Magnússon